

# Fundargerð umhverfisnefndar Brimvers- Æskukots

8. janúar 2016

4. fundur haldinn í Brimveri á Eyrarbakka

Mætt: Angelika Helena, Krístrún Birta, Þorsteinn Jón, Gabríel Þór, Daníel Örn og Hjördís Heiða kennari og verkefnastjóri.

Við rifjuðum upp frá síðasta fundi hvernig við getum gengið vel um umhverfi okkar og einnig borið virðingu fyrir öllu og öllum.

Tókum fyrir [gátlistann](#) fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla og sköpuðust miklar umræður, börnin voru mjög dugleg að koma með hugmyndir. Við skoðuðum kassann sem rafhlöðurnar eru settar í og pokann sem plastflöskurnar, gler og áldósir eru settar í sem börnin finna úti á lóð og í gönguferðum, sem við ætlum svo að flokka og upp kom hugmynd hjá Þorsteini að sauma taupoka fyrir þetta.

Börnin voru mjög áhugasöm og komu með margar flottar hugmyndir:

- ✓ Búa til pappamassa
- ✓ Spara pappír
- ✓ Föndra úr verðlausumefni
- ✓ Nota endurvinnslutunnurnar
- ✓ Taka til
- ✓ Flokka ruslið
- ✓ Þrifa jörðina

Við skoðuðum einnig hnattlíkan sem við erum með inni á deild og sáum hvað Ísland er lítið land eiginlega bara svona punktur eins og einn sagði ☺

Það voru allir sammála um að ræða flokkun við mömmu og pabba þegar heim væri komið og hjálpa til og kenna öllum á heimilinu það sem þau væru búin að læra í leikskólanum um endurvinnslu.

Fundi slitið og allir skrifuðu nafnið sitt á fundargerðina.

Næsti fundur umhverfisnefndar verður 11. janúar með nemendum í Æskukoti þar sem farið verður yfir gátlistann með þeim.